

## Árni Matt – frá bankahrúni til byltingar

**Bókarhöfundar:** Þórhallur Jóseppsson og Árni M. Mathiesen

**Bókarheiti:** Árni Matt – frá bankahrúni til byltingar

**Gagnrýnandi:** Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík

**Útgáfa:** Veröld, Reykjavík 2010, 272 bls.

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** „*Bókin fjallar um hrúnið og atvik tengd því með áherslu á árið 2008 og fram til þess að ríkisstjórnin féll í lok janúar 2009. Atburðum er lýst innan frá af sjónarhóli eins af æðstu ráðamönnum stjórnkerfisins og forystumanns í flokki forsætisráðherra ríkisstjórnarinnar. Hefur bókin að þessu leyti ótvírætt heimildargildi um atburði og viðhorf manns í fremstu röð í hruninu. Varnarrit Árna Mathiesen mun vafalaust eiga sitt pláss þegar sagan kveður upp dóm sinn um framgöngu ráðamanna þjóðarinnar á örlagatímum.*“

## HRUNIÐ MEÐ AUGUM FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Bókin er reist á viðtölum Þórhalls Jóseppssonar fréttamanns við Árna M. Mathiesen sem gegndi embætti fjármálaráðherra í ríkisstjórninni sem sat við völd þegar bankarnir hrundu. Fjallar bókin um hrúnið og atvik tengd því með áherslu á árið 2008 og fram til þess að ríkisstjórnin féll í lok janúar 2009. Atburðum er lýst innan frá af sjónarhóli eins af æðstu ráðamönnum stjórnkerfisins og forystumanns í flokki forsætisráðherra ríkisstjórnarinnar. Hefur bókin að þessu leyti ótvírætt heimildargildi um atburði og viðhorf manns í fremstu röð í hruninu. Frásögnin er skipuleg og upplýsandi. Bókin er lipurlega skrifuð og allur frágangur góður.

Rannsóknarnefnd Alþingis (RNA) komst að þeirri niðurstöðu að Árni M. Mathiesen og þrír aðrir ráðherrar hafi með athafnaleysi sínu látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 7. bindi, bls. 312-16.) Bókin er málsvörn Árna gagnvart þessu álitu rannsóknarnefndarinnar og kemur til viðbótar bréfum hans til rannsóknarnefndar Alþingis og til þingmannanefndar um skýrslu RNA. Bréfin eru birt í viðauka.

Málsvörn Árna virðist í stærstu atriðum byggjast á að meginatburðir hrunsins hafi legið utan ábyrgðar- og valdsviðs fjármálaráðuneytisins og að ráðamenn bankanna hafi veitt rangar upplýsingar, hugsanlega gegn betri vitund, þar á meðal ráðherrum á örlagaþrungnum fundum í Ráðherrabústaðnum helgina fyrir hrúnið. Í bókinni kemur þó fram að Árni er viðstaddur alla helstu fundi sem máli skipta hér á landi og fundar um málefni landsins með erlendum ráðamönnum víða um heim, m.a. á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) í Washington DC og Evrópusambandsins í Brussel. Af lýsingu hans virðist sem hann standi samt á einhvern hátt til hliðar eins og þessi efni hafi verið eða hefðu átt að vera á hendi annarra. Í hrunvikunni í október 2008 hafði Árni ekki lagt niður fyrir sér hugsanlega aðkomu AGS þrátt fyrir að ýmsir af æðstu mönnum Evrópu hefðu lungann af árinu lagt að ríkisstjórninni að leita aðstoðar sjóðsins. Svo vill til að Árni er samskipa sjóðsmanninum Paul Thomsen áleiðis á ársfund sjóðsins í Washington síðla í hrunvikunni og Thomsen greinir honum frá eðli slíks samstarfs. Fundir vestra og annað samtalið við Thomsen sannfæra Árna um að enginn annar möguleiki sé í stöðunni en leita til sjóðsins. Árni heldur því til haga að einhvern tímann í öllum hamaganginum hafi einhver erlendur maður sagt að við hefðum átt að fara til AGS snemma árs 2008. Maðurinn, sem Árni segist ómögulega geta munað hver var, hafi bætt við að sennilega hefði sjóðurinn ekki verið tilbúinn til þess þá að takast á við slíkt mál. Um sjálfstæða athugun á þessu atriði hjá marktækum aðilum er ekki getið.

Árni segist halda að Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi Geirs H. Haarde forsætisráðherra, hafi haft frumkvæði að Rússaláninu svonefnda og unnið að því í umboði Geirs en sjálfur hafi hann nefnt þetta í Washington við rússneska fjármálaráðherrann sem talaði litla ensku, hafði ekki túlk, en vissi af málinu. Málið hafi verið unnið í gegnum Seðlabankann, forsætisráðuneytið og rússneska sendiráðið. Um þetta mál á ábyrgðarsviði fjármálaráðuneytisins talar Árni eins og hann sjái það úr ókennilegri fjarlægð.

Árni greinir í bókinni frá samskiptum sínum við fulltrúa Bandaríkjastjórnar á örlagastund sem bókarýnir minnst ekki að hafa heyrt getið áður. Árna segist svo frá að síðla hrundagsins 6. október 2008 hafi Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, reynt að ná í Geir og David H. McCormick, aðstoðarfjármálaráðherra Bandaríkjanna, reynt að ná í sig. „Við reyndum að komast hjá því að tala við

þessa menn um kvöldið, urðum að einbeita okkur að lagasetningunni í þinginu“, segir Árni. „Þeir voru á eftir okkur og lögðu mikið á sig til að ná sambandi, það kom meira að segja kona úr bandaríska sendiráðinu niður í þing til þess að ýta á að ég talaði við McCormick. Þeim lá svo mikið á, þannig að ég lét undan og átti þetta samtalið við Bandaríkjamanninn.“ Samtalið hafi verið „dálítið einkennilegt“. Hvert var efni samtalsins? „Hann spurði hvort þeir gætu gert eitthvað“. Þessu boði fulltrúa ríkisstjórnar Bandaríkjanna um hjálp til Íslendinga þegar landið er að sökkva svarar Árni með því að segja að „þeir gætu gert það sem við hefðum beðið um og væri búið að segja nei við, en ég held að hann hafi aðallega verið að spyrja út í rússalánið“ (bls. 54). (Opinberlega var ekki tilkynnt um Rússalánið fyrr en daginn eftir, 7. október 2008). Ekki er vikið aftur að þessu samtali í bókinni. Ekki er getið hvort Árni hafi spurt hvers kyns aðstoð Bandaríkjastjórn gæti hugsað sér að veita Íslendingum. Ekki er getið um að hann hafi upplýst aðra íslenska ráðamenn um samtalið. Af frásögninni að dæma virðast hér tveimur árum eftir hrun í fyrsta sinn bornar fram upplýsingar um að Bandaríkjamenn hafi boðið fram aðstoð sem sýnist hafa verið virt að vettugi.

Bókin er athyglisverð heimild um hvernig ráðamenn greindu þá stöðu sem upp kom vorið 2008 þegar ljóst varð að lánasamningar fengjust ekki hjá erlendum seðlabönkum aðrir en mailárin hjá norrænu seðlabönkunum. Árni virðist ekki draga miklar ályktanir af því að Evrópski seðlabankinn gerði það að skilyrði fyrir gjaldeyrisskiptasamningi við Seðlabankann í apríl 2008 að Ísland semdi um lánaþyrirgreiðslu hjá AGS. Hann minnst ekki orði á tilboð Mervyns Kings, bankastjóra Englandsbanka, 23. apríl 2008 til Seðlabankans um hjálp til Íslendinga með atbeina erlendra seðlabanka sem fælist í að draga úr tjóni vegna yfirvofandi fjármálaáfalls með því að minnka stærð bankakerfisins. (Um tilboð Kings var fyrst upplýst opinberlega í skýrslu RNA, 1. bindi, bls. 172-3). Skýringin gæti verið að Árni taldi þessi mál ekki falla innan ábyrgðar- og valdsviðs fjármálaráðuneytisins. Hann víkur ekki sérstaklega að þeirri tilhögun sem varð ofan á við einkavæðingu bankanna og einn helsti forystumaður Landsbankans er ekki nefndur í meginþexta bókarinnar. Árni áttar sig á alvarlegum brestum í stjórn peningamála á árabílinu fram að hruni sem m.a. birtust í lækkuðum bindiskyldu árið 2003 en spyrja má hvort hann nái að tengja saman á heildstæðan hátt einstaka þætti í stjórn efnahagsmála. Hann sér hvernig fjarar undan bönkunum en virðist ekki sjá ástæðu til að ganga fastar en ella eftir gagnrýnni greiningu eftirlitsstofnana á stöðu þeirra.

Meginályktun Árna er þessi: „Ég held að fyrstu mistökin sem við raunverulega gerðum eftir hrunið hafi verið þau að skipta um ríkisstjórn og fara í ótímabærar kosningar. Annað vorum við búið að gera nokkurn veginn rétt“ (bls. 134). Tveimur árum eftir hrun virðast þeir enn til sem ekki hefur fyllilega runnið upp fyrir að ríkisstjórnin og mikilvægar stofnanir þjuggu við svo alvarlega skert traust innanlands og utan að draga má í efa hvort þær hafi yfirleitt verið starfhæfar af þeirri ástæðu.

Árni hallar ekki orði á nokkurn mann í bókinni en kemur þó á framfæri gagnrýnni afstöðu til samstarfs við Jóhönnu Sigurðardóttur. Hann leggur sig fram um að leysa vel af hendi þau verkefni sem honum heyrja til. Málsvörn sinni heldur Árni tryggilega til haga. Bókin sýnir að afstaða hans ristir þó dýpra. Hrunið er ekki hans mál og hann kom að því nánast eins og áheyrnarfulltrúi enda skilgreinir hann stöðu sína sem fjármálaráðherra tiltölulega þröngt, með hæfilegri einföldun kannski eiginlega mestan part bara sem fjárlagaráðherra eftir því sem næst verður komist. Af þessari ástæðu leikur á stundum eins konar fjarrænn blær um ýmis mál sem tekin eru fyrir. Vafalaust er ekki tilviljun að upptaktur bókarinnar er sleginn með því að þegar hriktir í stoðum efnahagslífsins og hrun landsins vofir yfir er Árni staddur austur á bökkum Rangár, „fjarri ólgu stjórnmalalífsins, fjarri skarkala borgarinnar og fjarri stífri fundadagskrá ráðherrans“. Hann er þar með fjölskyldunni til að fagna á tyllidegi og gerir sér fulla grein fyrir að það gat allt eins gerst að friðurinn í sveitinni yrði rofinn. Árni fékk frið fram eftir degi en undir niðri vissi hann að Geir gæti hringt á hverri stundu og við því yrði þá að bregðast. En svo var friðurinn úti. „Ég náði hins vegar eftir sem áður að fara út að borða með fjölskyldunni um kvöldið, stefnuræðan bjargaði því“ (bls. 14).

Árni M. Mathiesen og félagar hans í hópi æðstu ráðamanna þjóðarinnar þurftu að takast á við óvenjulega erfiða atburði og aðstæður. Þeir sigldu fram hjá allsherjarábyrgð á bönkunum eins og Írar áttu eftir að brenna sig á. Þeir neituðu að viðurkenna lögmæti lcesave-kröfunnar. Þeim tókst að afstýra öngþveiti með því að halda uppi viðskiptagreiðslum í bankakerfinu. Þessi atriði ber að meta mikils. Gátu þeir gert betur? Árni segir ráðamenn hafa gert hlutina nokkurn veginn rétt. Rannsóknarnefnd Alþingis sem falin var sérstök rannsókn sem stóð yfir í umtalsverðan tíma gaf svar fyrir sitt leyti. Varnarrit Árna Mathiesen mun vafalaust eiga sitt pláss þegar sagan kveður upp sinn dóm í þessu efni.